


Freyja Bergsveinsdóttir
Gunnlaugur SE Briem

Ítalíuskrift


Kennsluleiðbeiningar

2A
2B



2A Ítaliúskrift

Fyrri bók af tveimur; hin er 2B





Skrift kennd sem hreyfing

Mikilvægt er að byrja alltaf á fyrstu bókinni. Undirstöðunni má ekki sleppa. Hana geta eldri nemendur tileinkað sér á skömmum tíma. Flestir hafa þroskaðri fínhreyfingar og einhverja undirstöðu í skrift. Einu gildir hvenær þessi hefti eru tekin í notkun eða í hvaða bekk: **bækur 1A og 1B eru nauðsynlegt upphaf.**

Gert er ráð fyrir því að kennarar fari yfir allar skriftarsíður á kennsluvefnum vefir.nams.is/italiuskrif áður en þeir nota bækurnar í skólastofu. Í markvissri kennslu er skilningur á undirstöðuatriðum nauðsynlegur.

Til upprifjunar er hér stundum bent á að lesa tiltekna kafla á kennsluvefnum. Í þeim er ítarlegar fjallað um það sem þarfnast leiðbeininga.

MARKMIÐ Ítaliúskriftar er að leggja traustan grunn að skrift barnanna. Henni er fylgt fram frá tveimur hliðum. Annars vegar læra þau fastmótað hreyfingakerfi. Hins vegar er útskýrt fyrir þeim hvernig það verður að stöfum.





Skyldleiki

Litlu stöfunum er skipt í fjölskyldur. Innan á bókar-kápunni, fremst og aftast, er sýnt hvernig dregið er til hvers stafs.

Bók 2A

Þessar kennsluleiðbeiningar eru ekki eins ítarlegar og þær sem fylgja bókum 1A og 1B. Gert er ráð fyrir að lesendur hafi áður kynnt sér þær.

Í fyrri hluta er rifjað upp úr bókunum 1A og 1B. Síðan er byrjað að skrifa einfaldar setningar. Eftir hverja blaðsíðu þarf að skoða árangur hvers barns og meta hann. Ef tilskildum árangri var ekki náð er best að það spreyti sig á sambærilegum æfingum áður en byrjað er á næstu síðu. Þær má sækja á lénið italiuskrift.com.



Bls. 2 og 3 Skriftarhreyfingin rifjuð upp og æfð með kroti, hringformum og krákustígum.

Krot er góður undirbúningur fyrir skriftina. Með því æfa börnin frjálsglegar hreyfingar og geta sleppt fram af sé beislinu. Höndin, frá úlnliði til fingurgóma, á að hamast fram og aftur, niður og upp. Sérhver hönd hreyfist með sínu lagi og heldur eigin takti.

Sjá nánar kaflann *Kostir krotæfinga*.

Á bls. 2 á nemandinn að krota hár á köttinn. Markmiðið er að vinna hiklaust og í stórum dráttum. Síðan æfa börnin hringformið með því að fylla blaðsíðuna af sápukúlum. Alltaf er byrjað efst á hring, aldrei neðst. Skrifað er til vinstri og niður (rangsælis), svo til hægri og upp á við þangað til hringnum er lokað.


Á bls. 3 á nemandinn að spora krákustiga með fingri í fyrstu þremur kössunum. Síðan á hann að skrifa ofan í sömu krákustigana með trélit eða blýanti. Eftir það á barnið að skrifa krákustiga í næstu sex kassa. Nota má trélitni við verkið og gjarna velja þá af dirfsku.

Markmið skriftarnámsins er að nemandinn þjálfist í skrift sem nýtist honum vel í skólaskrifinu og í daglegu lífi síðar meir.

Grunnurinn þarf að vera góður til þess að hægt sé að byggja á honum. Forskriftin í bókunum er aðeins undirstaða. Ítaliuskriptin býður marga kosti til þess að þróa fallega, persónulega rithönd.

Með því að leiðbeina nemandanum í tæka tíð má afstýra að hann temji sér rangar aðferðir.

Mikilvægt er að hann finni ekki fyrir tímabörng og geti æft sig í ró og næði. Best er að námið sé til ánægju og skemmtunar. Æfingin skapar meistaran.





Bls. 4 og 5 Hreyfingar, form, stafir

Góð handastjórn er nauðsynleg. Sum börn eiga ekki að spreyta sig á skrift fyrr en þau hafa æft sig vel og lengi á krákustígum og hringformum sem hvort tveggja er góður undirbúningur. Áður en þau byrja á stöfum er ágætt að kennarann rifji upp fjölskyldur þeirra og slóðir.

Munið alltaf eftir að hrósa barninu. (Rannsóknir gefa til kynna að lof fyrir iðjusemi dugi betur en fyrir hæfileika.)

Kennsluleiðbeiningar eru á kennsluvef Námsgagnastofnunar: vefir.nams.is/italiuskrift Viðbótarefni er hægt að nálgast á léninu italiuskrift.com



Stafirnir í a-fjölskyldunni eru a, d, g, q, u og y. Allir hafa svipaða slóð. Þeir eru gulir á litinn. Stafirnir í b-fjölskyldunni eru b, p, þ, h, k, r, m og n. Þeir hafa líka allir svipaða slóð og eru fjólubláir á litinn.

Kennari þarf að ganga úr skugga um að börnin byrji og endi hvern staf á réttum stað og skrifi hann eftir tilskilinni slóð.

Sjá kaflana **Úr krákustíg í skrift, Lágstafir / litlir stafir** og **Úr frumformum í skrift, Hástafir / stórir stafir**.

Lítið einnig yfir **Pennagrip** og **Skrift með vinstri hendi**. Fyrsta skrefið í veg fyrir skrifkrampa er að kenna rétt pennagrip.

Bls. 6 og 7 Stafbelgir rifjaðir upp og æfðir.

Stafrófið er leikur að fáeinum formum sem eru endurtekin með smávegis frávikum. Börn sem skilja það hafa minna fyrir að læra stafina. Belgur b-fjölskyldu sem snúið er í hálfhring er sá sami og belgur a-fjölskyldu. Á blaðsíðu 6 er þetta sýnt með leik.

Hér eiga börnin að rifja upp og skoða snúningin. Eftir það skrifa þau ofan í stóru stafina a og b. Á blaðsíðu 7 æfa þau svo belgina og rifja þá upp. Aðalhættan á mistökum er í dráttum sem nema staðar og fara sömu leið til baka.

Kennarinn þarf að fylgjast vel með börnunum meðan þau skrifa og ganga úr skugga um að slóð stafanna sé rétt.




Bls. 8 og 9 a og b-fjölskyldur rifjaðar upp og æfðar

Krákustigar eru undirstaða skriftarinnar og hreyfinganna sem hana mynda. Þeir halda jöfnum takti og stafabilum, halla og stærð.

Yfir- og undirleggir myndast þegar teygt er úr sumum dráttunum. Með þeim láréttu, sem hér eru rauðir svo þeir sjáist betur, er kominn stafarammi. Með því að skrifa ofan í strikin og mýkja formin erum við farin að skrifa.

Þegar tengt er í stafina a, d, g og q er byrjað á belgnum ofanverðum og þá farið frá vinstri til hægri. Við byrjunarpunkt nemur drátturinn staðar og fer sömu leið til baka. Þetta köllum við snúning. Hann er sýndur með ör fyrir ofan stafinn a til vinstri á síðunni. Þegar hins vegar tengt er úr b, p og þ er snúið við eftir lokadráttinn, farið til baka sömu leið og síðan tengt í næsta staf.




Bls. 10 og 11 o og l-fjölskyldur rifjaðar upp og æfðar
 Grundvöllurinn er krákustigar, hér eins og annars staðar. O-fjölskyldan er bogadregin og bugðótt og lítur vel út innan um stafi sem eru ólíkir henni að lögun. Hér er sýnt hvernig ávalir stafir sitja á beinum línunum krákustígsins. Hann mótar hlutföll þeirra, bæði hæð og breidd.

Við fyrstu sýn er l-fjölskyldan auðveld og sjálfsögð. Í henni er þó aðgátar þörf. Grunnlína veitir stöfunum f og j litinn stuðning. Á óstrikuðu blaði er erfitt að byrja línu á þeim og halda línubili, jafnvel fyrir vana skrifara. Þá er gildi hjálparlína ótvírætt.

Áður en nemandinn byrjar æfinguna er nauðsyn að kynna stafina og útskýra hvern og einn þeirra í þaula. Einnig er þarft að benda á hvernig tengt er í stafina og úr þeim. Það er mjög mismunandi.

Tengt er úr þverstrikinu á stafnum f, eins og úr stafnum t. Ekki er tengt úr stafnum j, fremur en stöfunum ð, g, q og y.





Efst og rangsælis

Stafurinn o byrjar ofarlega og er skrifaður til vinstri, eins og aðrir stafir sem eru svipaðir honum í lögun.

Ítaliuskrift hallast um rúmar þrjár gráður. Börnum sem vilja skrifa með meiri halla má leyfa það. Örvhent börn mega hafa hana upprétta og jafnvel láta hana hallast til vinstri. Hreyfingakerfið stendur óhaggað.

Best er að börnin snúi blöðum og stílabókum þannig að hallinn samræmist þægilegum hreyfingum.

Sjá kaflana *Úr krákustig í skrift, Lágstafir / litlir stafir* og *Úr frumformum í skrift, Hástafir / stórir stafir*.





Bls. 12 og 13 x-fjölskyldan rifjuð upp og æfð ásamt broddstöfunum.

Skástrik eru uppistaða x-fjölskyldunnar og hér, eins og áður, þarf að huga vel að tengingum. Eins og útskýrt er í kaflanum **x-fjölskyldan** er stafurinn w gerður úr stafnum v sem skrifaður er tvisvar. Hann nær ekki góðu jafnvægi nema þeir hallist dálítið hvor að öðrum.

Best er að hafa brodd nokkurn veginn yfir miðjum staf. Hallinn á honum ræðst af eðlilegri sveifluhreyfingu hægri handar. Broddur má ekki vera langt frá stafnum og ekki of nálægt, þá getur stafurinn orðið lágkúrulegur, eins og sést á myndinni neðst til vinstri á blaðsíðunni.

<vefir.nams.is/italiuskrift>
 <italiuskrift.com>



Stundum er depill ranglega kallaður punktur og tvídepill kallaður tvípunktur. Eins og áður er getið eru depill og tvídepill hjóðtákn. Punktur og tvípunktur eru greinarmerki. Síður er hætt á að börnin ruglist á þessum hugtökum ef þau eru útskýrð í upphafi.

123 ABC

Tölustafir og hástafir eiga að vera jafnháir.

Alltaf þarf að fylgjast með hvernig nemendur halda á skriffærum, gæta þess að gripið sé rétt og líka að ekki sé of fast haldið á þeim.


Bls.14 og 15 Deplastafir og tölustafir rifjaðir upp og æfðir.

Mörg börn setja depil fyrir ofan stóru stafina I og J. Þar á hann aldrei heima í íslensku. Tvídeplar eru hins vegar yfir stöfunum ö og Ö báðum.

Broddar og tvídeplar eiga að vera nokkurn veginn yfir miðjum staf og í hæfilegri hæð. Ef þeir eru of neðarlega geta stafirnir orðið láγκúrulegir eins og sést á myndinni í bókinni, neðst til vinstri.

Gæta þarf að hæfilegu bili milli depla og stærð þeirra. Í íslensku eru broddar ekki skrifaðir í stað tvídepla.

Tölustafir eru jafnháir hástöfunum og ná upp í línuna milli yfirlínu og miðlínu, skýjalínu.



Bls. 16 og 17 Hjálparlínur og stafirnir f og þ.



Mikilvægustu hjálparlínuna köllum við grunnlínu. Tákn hennar er skip. Aðrar línur eru fyrir ofan sjávarmál og ein neðansjávar.

Allir stafir nema f og j sitja eða standa á grunnlínu. Skrift sem hoppar fyrir ofan hana og neðan er sjaldan hægt að kalla áferðarfallega. Flestir lesa útlínur kunnuglegra orða fremur en staf fyrir staf. Þær brenglast ef stafirnir fylgja ekki grunnlínu.

Áður en nemendur vinna þessa blaðsíðu þarf kennari að ganga úr skugga um að börnin skilji tilgang grunnlínunnar.

Stafirnir f og þ eru einu stafirnir sem hafa bæði undir- og yfirlegg.

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu: postur@italiuskrift.com og við komum þeim áfram.



Bls. 18 og 19 Orðum raðað upp

Hér byrja nemendur að skrifa setningar. Á hverri síðu er lögð áhersla á einn staf. Byrjunarpunktur, hjálparlínur og skáhallar línur eru til halds og trausts. Grunnlínán er græn og á henni standa stafirnir og sitja.

Þegar nemandinn hefur lokið við síðuna er mjög gagnlegt að hann skoði nákvæmlega það sem hann skrifaði. Eru stafirnir í rétttri stærð? Hallast þeir jafnt? Eru bilin milli stafleggja jöfn? Er hann ánægður með afraksturinn? Eða þarf að skoða eitthvað betur og laga?

Bros- og fylukarla má nota við sjálfsmatið. Kennarinn þarf að fara yfir helstu galla í æfingunni og gefa góð ráð um lagfæringar.

Skrifkrampi er alvarlegt vandamál. Honum má oftast afstýra með því að slaka á og halda skynsamlega á blýantinum. Á honum þarf að taka strax í byrjun.

Sjá nánar kaflann **Skrifkrampi**.



Kennari þarf að fylgjast vel með hvernig nemendur fara að. Þeim sem mistekst þarf að hjálpa strax svo þeir venjast ekki á rangar aðferðir.

Róleg tónlist án söngs getur myndað þægilegar aðstæður fyrir skrifaræfingar.

Ekki er heppilegt að lesa sögur fyrir börnin meðan þau vinna. Þá getur athyglin hvarflað frá skriftinni.

Mikilvægt er að nemandinn finni ekki fyrir tímaþröng og geti unnið í ró og næði. Best er að námið sé til ánægju og, þegar við verður komið, til skemmtunar.

Munið eftir að hrósa barninu þegar vel gengur.



Bls. 20 og 21 Setningar skrifaðar. Tölustafir æfðir

Síður með setningum halda áfram út bókina og inn á milli eru léttari æfingar, til dæmis á blaðsíðu 21 og 25 þar sem tölustafir eru æfðir og á blaðsíðu 29 þar sem lögð er áhersla á að tölustafir eru í sömu hæð og hástafir.

2B Ítaliúskrift

Seinni bók af tveimur; hin er 2A





Skrift kennd sem hreyfing

Mikilvægt er að byrja alltaf á fyrstu bókinni. Undirstöðunni má ekki sleppa. Hana geta eldri nemendur tileinkað sér á skömmum tíma. Flestir hafa þroskaðri fínhreyfingar og einhverja undirstöðu í skrift. Einu gildir hvenær þessi hefti eru tekin í notkun eða í hvaða bekk: bækur 1A og 1B eru nauðsynlegt upphaf.

Gert er ráð fyrir því að kennarar fari yfir allar skriftarsíður á kennsluvefnum vefir.nams.is/italiuskrif áður en þeir nota bækurnar í skólaflokkum. Í markvissri kennslu er skilningur á undirstöðuatriðum nauðsynlegur.

Til upprifjunar er hér stundum bent á að lesa tiltekna kafla á kennsluvefnum. Í þeim er ítarlegar fjallað um það sem þarfnast leiðbeininga.

MARKMIÐ Ítaliúskriftar er að leggja traustan grunn að skrift barnanna. Henni er fylgt fram frá tveimur hliðum. Annars vegar læra þau fastmótað hreyfingakerfi. Hins vegar er útskýrt fyrir þeim hvernig það verður að stöfum.





Skyldleiki

Litlu stöfunum er skipt í fjölskyldur. Innan á bókar-kápunni, fremst og aftast, er sýnt hvernig dregið er til hvers stafs.

Bók 2B

Er beint framhald af bók 2A. Nemendur halda áfram að skrifa einfaldar setningar eins og þeir gerðu í 2A. Inn á milli koma svo léttar æfingar og blaðsíður þar sem nemendur skrifa eigin sögu.

Eftir hverja blaðsíðu þarf að skoða árangur hvers barns og meta hann. Ef tilskildum árangri var ekki náð er best að það spreyti sig á sambærilegum æfingum áður en byrjað er á næstu síðu. Þær má sækja á lénið italiuskrift.com.



Bls. 2 og 3 Setningar skrifaðar


Síður með setningum eins og sýndar eru hér fyrir ofan halda áfram út bókina. Á hverri síðu er lögð áhersla á einn staf. Byrjunarpunktur, hjálparlínur og skáhallar línur eru til halds og trausts. Grunnlínan er græn og á henni standa stafirnir og sitja.

Þegar nemandinn hefur lokið við síðuna er mjög gagnlegt að hann skoði nákvæmlega það sem hann skrifaði. Eru stafirnir í réttri stærð? Hallast þeir jafnt? Eru bilin milli stafleggja jöfn? Er hann ánægður með afraksturinn? Eða þarf að skoða eitthvað betur og laga?

Bros- og fylukarla má nota við sjálfsmatið. Kennarinn þarf að fara yfir helstu galla í æfingunni og gefa góð ráð um lagfæringar.

Skrifkrampi er alvarlegt vandamál. Honum má oftast afstýra með því að slaka á og halda skynsamlega á blýantinum. Á honum þarf að taka strax í byrjun.

Sjá nánar kaflann **Skrifkrampi**.



Bls. 5 og 9 Skriftarhreyfingin æfð. Greinarmerki

Á blaðsíðu 5 rifja nemendur upp skriftarhreyfinguna og æfa sig á henni. Á blaðsíðu 9 læra þeir að skrifa greinarmerki. Áður en þeir vinna þá blaðsíðu er nauðsynlegt að kennarinn skýri nákvæmlega hvað þau eru og hvar eigi að setja þau. Eins þarf að útskýra muninn á greinarmerkjum og hljóðtáknnum. Það minnkar líkur á að orðin punktur og depill valdi ruglingi, ekki síður en komma og broddur, tvípunktur og tvídepill. Sjá nánar undir heitinu *Smælki*, aftast í kaflanum *Hástafir*. Á blaðsíðum 13, 25 og 32 skrifa nemendur svo eigin sögu og á hjálparlínur.

Markmið skriftarnámsins er að nemandinn þjálfist í skrift sem nýtist honum vel í skólaskrifinu og í daglegu lífi síðar meir.

Grunnurinn þarf að vera góður til þess að hægt sé að byggja á honum. Forskriftin í bókunum er aðeins undirstaða. Ítaliuskriptin býður marga kosti til þess að þróa fallega, persónulega rithönd.

Með því að leiðbeina nemandanum í tæka tíð má afstýra að hann temji sér rangar aðferðir.

Mikilvægt er að hann finni ekki fyrir tímabroing og geti æft sig í ró og næði. Best er að námið sé til ánægju og skemmtunar. Æfingin skapar meistaran.

Munið alltaf eftir að hrósa barninu. (Rannsóknir gefa til kynna að lof fyrir iðjusemi dugi betur en fyrir hæfileika.)

Kennsluleiðbeiningar eru á kennsluvef Námsgagnastofnunar:
<vefir.nams.is/italiuskrift>
Viðbótarefni er hægt að nálgast á léninu
<italiuskrift.com>


Ítalíuskrift

Kennsluleiðbeiningar

Þessar kennsluleiðbeiningar og fleiri er að finna á vef Námsgagnastofnunar: <vefir.nams.is/italiuskrift>



Viðbótarefni og kennslugögn má sækja á lénið <italiuskrift.com>. T.d.

Krotæfingar og krákustígsæfingar.




Borðrenninga með tengdu og ótengdu lettri, með og án hjálparlína.

Línustrikuð byrjendablöð. Hvort tveggja við hæfi rétthentra og örvhentra. Blöð með hjálparlínunum fyrir skrift í sex stærðum, bæði með hallalínunum og án þeirra.



Rúðustrikuð blöð, með og án hallalína.

Deplastafi sem skrifaðir eru eftir talnaröð.



Forskriftarblöð.



Gangi ykkur vel!